



Innkaupa- og framkvæmdaráð

Rammasamningur um húsasmiðameistara og aðalverktöku nr. 16218

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð þann 11 desember 2026 og skiluðu 52 fyrirtæki inn tilboði. Lagt er til að samið verði við öll hæf fyrirtæki í samræmi við skilmála útboðsgagnanna.

Um er að ræða almennt útboð á rammasamning í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016, útboðið var auglýst á EES. Boðið var í tilfallandi vinnu húsasmiðameistara annars vegar og svo verktaka í aðalverktöku í hinum ýmsu fagsviðum iðnaðarmanna hins vegar. Útboðið er skipt upp í eftirfarandi hluta:

- Húsasmiði** – Undir flokkinn fellur tilfallandi smíðavinna og viðhald, innan- og utanhúss sem ætlast má til að sé unnið af faglærðum húsasmiðum.
- Aðalverktaka** – Undir flokkinn fellur vinna sem heyrir undir eina eða fleiri iðngreinar. Verktakinn þarf m.a. að viðhalda verkstjórn á verkstað og halda utan um alla verkþætti verkefnis. Verktakinn þarf að vera með a.m.k. þrjár meistara í sitthvorri iðngreininni til að falla undir þennan flokk.

Rammasamningur þessi gildir í tvö ár, frá því samningur kemst á. Enginn loforð er um viðskipti en hámark samanlagðra viðskipta er kr. 10.000.000.000,- án vsk. á grundvelli þessa samnings. Þetta er í annað skiptið sem rammasamningur sem þessi er boðin út, síðast til eins árs til prufu. Nú var ákveðið að hafa til tveggja ára.

Af þeim 52 fyrirtækjum sem sóttu um aðild að rammasamningum voru níu (9) fyrirtæki sem skiluðu ekki inn tilboðsblaði. Sex (6) til viðbótar uppfylltu ekki fjárhagslegt hæfi skv. skilmálum útboðsins. Þrjú (3) fyrirtæki til viðbótar uppfylla hæfiskröfur en þeir skiluðu ekki inn fylgiskjölum í hvorugan hluta og eru tilboð þeirra því ógild. Einn (1) til viðbótar skilar ekki fylgiskjali í hluta 1, þrátt fyrir að hafa hakað við það og verður honum hafnað í þeim hluta. Þá voru tveir (2) til viðbótar sem skiluðu ekki inn upplýsinga um viðbótar iðnmeistara og uppfylltu því ekki hæfis kröfur í hluta 2 um aðalverktöku og verður þeim hafnað í þá hluta.

Nánar er greint frá niðurstöðu í trúnaðarmerktu minnisblaði frá skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar og trúnaðarmerktu álitni borgarlögmans.

Lagt er því til við Innkaupa- og framkvæmdaráð að semji við alla hæfa bjóðendur sem skiluðu inn gildu tilboði alls 34 talsins. Það eru 33 aðilar í hluta 1 og 20 aðilar í hluta 2 sem lagt er til að samið verði við:

Bjóðandi	Hluti 1 - Húsasmiða meistarar	Hluti 2 - Aðal verktaka
Stéttafélagið ehf.	X	X
Héðinshurðir ehf.	X	
E. Sigurðsson ehf.	X	X
Rætur verktakar ehf.	X	X
Húsameistari ehf.	X	X
Trausti Sigurðsson	X	



SG verk ehf.	X	X
Haki verktakar ehf.	X	
JB Hús ehf.	X	
K16 ehf.	X	X
EÓ-Tréverk sf.	X	
Endurbætur ehf.	X	X
Húsasmíði ehf.	X	
Stokktré ehf.	X	
MG-Hús ehf.		X
Tildrög ehf.	X	
Timburás ehf.	X	
Múr- og málningarþjónustan Höfn ehf.	X	X
All verk ehf.	X	X
Smíðavit ehf.	X	
Þ.B. verkakar ehf.	X	
Arnar Bjarnason	X	
Ari Oddson ehf.	X	X
Afltak ehf.	X	X
Íslenskir aðalverktakar hf.	X	X
SHP consulting ehf.	X	X
Atlas verktakar ehf.	X	X
Lausar skráfur slf	X	
Heilbrigð hús ehf.	X	X
Eykt ehf.	X	X
AQ-rat ehf.	X	X
Flísa & Múrkompaníð ehf	X	X
Fagafl ehf.	X	X
Máni verktakar ehf.	X	

Virðingarfyllt

Margrét Lilja Gunnarsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Deildarstjóri innkaupa og samningsstjórnunar

Hjálagt:
Opnunarfundargerð
Trúnaðarmerkt álit borgarlögmans